

HUGSANIR

EFTIR VICTOR HUGO

Um mig er það sagt, að ég hafi mestar mætur á því fágætasta. Þetta er satt. Þegar mér koma í hug orðin: frelsi mikilleiki, göfugleiki og drengskapur, finn ég ætið að ég hefi mestar mætur á því fágætasta.

Komið getur það fyrir, að sá sem á tálar er dreginn sýni að hann er meiri maður einmitt fyrir það en ella. Öfundsjúki maður, gáðu að þessu : að sá sem annan svíkur líður eins mikla þraut af samviskubitinu, eins og sársauka þann, sem hinn verður að þola vegna tiltrúar þeirrar, er hann bar til þess fláráða.

Margir vinir eru eins og sólskifan :
þeir sýna hvað degi líður einungis þegar sólin skín.

Fíllinn er lítið eitt varnarmeiri gegn maurnum en maurinn gegn fílnum.

“Þú sér vegginn þarna ? ”
“Já, herra hershöfðingi ”
“Hvernig er hann litur ? ”
“Hvítur, herra minn.”
“Eg segi hann sé svartur.
Hvernig er hann litur ? ”
“Hann er svartur, herra minn”
“Þú ert góður hermaður ”

Guð minn góður ! En sú tilbreytni fugurðarinnar bæði í háttúrinni og listinni. Líkamsfugurð kvennmansins líkist marmaranum, en marmarinn í líkneskinu fær sér friðleiksgerfi konunnar.